

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas hf. Amomatic Færanleg malbikunarstöð



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas hf. Amomatic	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur Bragason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið mengunarvarnaeftirlit í Amomatic, færanlega malbikunarstöð Hlaðbæar-Colas. Stöðin er um þessar mundir staðsett á Krossanesbryggju á Akureyri. Í eftirlitinu komu fram tvö frávik er varða samfellda rykmælingar og skráningar. Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Nýlega færðist útgáfa starfsleyfa og eftirlit með færanlegum malbikunarstöðvum frá heilbrigðisnefndum til Umhverfisstofnunar. Var þetta því fyrsta eftirlit stofnunarinnar með Amomatic malbikunarstöð Hlaðbæ-Colas. Byrjað var á að fara yfir stöðuleyfi og samráð við heilbrigðisnefnd fyrir núverandi staðsetningu. Búið var að framleiða um 5000 tonn af malbiki á þessum stað og stóðu vonir til þess að hægt yrði að taka stöðina niður fljótlega til flutnings í Hafnarfjörð í geymslu.

Farið var yfir fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs, fyrirtækið var með samning við Gámaþjónustu Norðurlands um móttöku á spilliefnum og almennum úrgangur.

Þann 2. nóvember 2018 var framkvæmd mæling á úrblæstri frá stöðinni og voru mæligildi í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi á annað hvort að mæla ryk samfelt frá þurrk- og blöndunartækjum eða pokahús séu búin búnaði sem gefur aðvörun þegar pokar rifna. Slík mæling eða viðvörunarbúnaður er ekki til staðar og telst það því frávik frá starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda aðgengilega skrá um eigið viðhald og eftirlit með rykhreinsibúnaði. Fram kom í eftirliti að ástand skráninga í stöðinni væri ekki með nægilega góðu móti en stefnt væri að miðlægri skráningu og yrði það verklag komið upp eftir veturinn. Telst það vera frávik frá starfsleyfi.

Gengið var um vinnusæðið og var umgengni til fyrirmyndar.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Grein 4.1

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi á annað hvort að mæla ryk samfelt frá þurrk- og blöndunartækjum eða pokahús séu búin búnaði sem gefur aðvörun þegar pokar rifna. Slík mæling eða viðvörunarbúnaður er ekki til staðar.

Grein 4.1

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda aðgengilega skrá um eigið viðhald og eftirlit eftirlit með rykhreinsibúnaði. Fram kom í eftirliti að ástand skráninga í stöðinni væri ekki fullnægjandi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2019



Sverrir Aðalsteinn Jónsson

